

UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F143/2023

Reykjavík, 17. desember 2025

Alma Möller
heilbrigðisráðherra
Síðumúla 24
108 Reykjavík

Hér með tilkynnist að athugun á gjaldtöku vegna bólusetninga barna á grunnskólaaldri gegn HPV er lokið af hálfu umboðsmanns Alþingis. Svo sem komið hefur fram í fyrri samskiptum við heilbrigðisráðuneytið var tilefni athugunar umboðsmanns kvörtun sem barst yfir gjaldtöku vegna bólusetningar barns gegn HPV. Þrátt fyrir að ekki væru uppfyllt skilyrði fyrir því að kvörtunin yrði tekin til nánari athugunar staðnæmdist umboðsmaður við að í þágildandi 2. gr. reglugerðar nr. 221/2001, um bólusetningar á Íslandi, eins og henni hafði verið breytt með reglugerð 26/2023, kom fram að börnum með lögheimili hér á landi skyldi boðin bólusetning gegn tilteknum sjúkdómum þeim að kostnaðarlausu, meðal annars gegn HPV.

Í kjölfar fyrirspurnar umboðsmanns vegna málsins 12. desember 2023 var 28. sama mánaðar birt í stjórnartíðindum reglugerð nr. 1553/2023, um (6.) breytingu á reglugerð nr. 221/2001 sem tók gildi 1. janúar 2024. Í svari ráðuneytisins 4. janúar 2024 var tekið fram að þessari breytingu væri ætlað að samræma verklag og heimildir til gjaldtöku við leiðbeiningar sóttvarnalæknis um bólusetningar barna.

Í fyrirspurn umboðsmanns 16. febrúar 2024 var óskað upplýsinga er lutu að meginstefnu annars vegar að þeirri framkvæmd sem hafði áður verið viðhöfð vegna bólusetninga gegn HPV og hins vegar er lutu að fyrirkomulaginu á árinu 2024. Var þá haft í huga hverjar væru ástæður þess að gjald virtist hafa verið innheimt um nokkurt skeið fyrir bólusetningarnar og hvort að ráðuneytið teldi að tilefni kynni að vera til að bregðast við þeim ástæðum. Í svari ráðuneytisins 24. maí 2024 var því lýst að við tilteknað ástæður hefði komið upp ákveðið ósamræmi eða frávik frá þágildandi 2. gr. reglugerðar nr. 221/2001, þ.e. að gjald hefði verið innheimt fyrir bólusetningar barna gegn HPV í andstöðu við áskilnað í stjórnvaldsfyrirmælum um að þær skyldu vera gjaldfrjálsar.

Ráðuneytinu var að nýju ritað bréf vegna málsins 13. nóvember 2024 þar sem þess var óskað að upplýst yrði hvort komið hefði til skoðunar að bregðast við þeim frávikum frá reglugerð nr. 221/2001 sem hefðu átt sér stað. Í ljósi tiltekinna upplýsinga sem komu fram í svari ráðuneytisins 24. maí 2024 var nánari upplýsinga einnig óskað um hugsanlegar undantekningar sem veittar væru frá þeim aldursmörkum sem komu fram í viðauka við reglugerð nr. 221/2001.

Í svari ráðuneytisins 11. desember 2024 er fjallað um afstöðu þess til spurninga umboðsmanns. Þá er undir lokin tekið fram að það telji mikilvægt að hægt sé að innleiða nýjar bólusetningar eða aðra heilbrigðisþjónustu í áföngum, í samræmi við lýðheilsusjónarmið, enda marki heilbrigðisráðherra stefnu um heilbrigðisþjónustu. Ráðherra sé heimilt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að framfylgja þeirri stefnu, meðal annars hvað varðar skipulag, forgangsörðun verkefna hagkvæmni, eins og að ákveða að í einhverjum tilvikum skuli þjónusta eyrnamerkt ákveðnum aldri eða hópum og stýra því með gjalddöku eða öðru. Þá benti ráðuneytið á að í samvinnu við sóttvarnalækni yrði farið yfir gildandi reglugerðir um efnið og skoðaðar leiðir til að skýra gjalddöku enn frekar til að tryggja samræmt verklag hjá heilsugæslustöðvum.

Í frétt heilbrigðisráðuneytisins á vef Stjórnarráðsins 21. maí sl. kemur fram að heilbrigðisráðherra hafi ákveðið að veita fjármagn til HPV bólusetninga fyrir drengi upp að 18 ára aldri. Ákveðið hafi verið að bjóða óbólusettum piltum bóluefnið Gardasil 9 og sé unnið að skipulagningu átaks í bólusetningum til að þær nái til sem flestra í árgöngum 2007-2010. Þá verður ráðið af vefsvæði embættis landlæknis að nú standi yfir sérstakt átak við gjaldfrjálsar bólusetningar gegn HPV fyrir piltum í árgöngum 2007-2010 sem enga bólusetningu hafa fengið gegn HPV. Ekki verður annað ráðið en að framangreint fyrirkomulag sé hið sama og gildi fyrir stúlkur.

Í ljósi þeirra fyrirætlana ráðherra sem að framan er lýst og með hliðsjón af þeim upplýsingum og skýringum sem ráðuneytið hefur veitt við athugun umboðsmanns á málinu, tel ég ekki tilefni til þess að taka framkvæmd bólusetninga barna á grunnskólaaldri gegn HPV til frekari athugunar að svo stöddu. Ég tek þó fram að ég mun áfram fylgjast með málefninu á grundvelli þeirra upplýsinga sem umboðsmanni Alþingis kunna að berast og taka til skoðunar á ný, verði talið tilefni til.

Virðingarfyllst,



Kristín Benediktsdóttir